

EFTIRTEKTARVERÐAR SPÁSÖGUR

Árið 1878 kom út bók eftir dr. Grattan Guinness, sem heitir *The Approaching End of the Age*. Þar var því spáð, að Múhamedstrúarmenn mundu verða reknir burt úr Sýrlandi, og Gyðingar fá aftur fornan rétt í sínu landi. Árið 1917 var sagt að þetta mundi verða, en á því ári unnu Englendingar Jerúsalem af Tyrkjum, eins og kunnugt er. Ennfremur segir dr. Guinness, að þegar þessi tíðindi verði, þá sé skammt til komu Krists. (*Light*, 25. okt. '24). Og virðist sú spá ennþá eftirtektarverðari, þegar þess er gætt, hve sannspár höfundurinn var um hitt. En það mun vera heldur sjaldgæfara, að rétt sé spáð um ár, jafnvel þó að spár rætist. Þannig sagði t. d. skáldið Tolstoy fyrir ófriðinn mikla, en hann sagði, að hann mundi hefjast 1912, en stjórnarbyltingin mikla sagði hann að mundi verða 3 árum seinna, eða 1915, svo að hann var einnig þar 2 árum á undan tímanum. Úr Lenin, Trotsky og Nansen gerði hann einn mann, þó að ólíkir væru, og kallaði Napóleon frá Norðurlöndum. Einnig í spá Tolstoys er vikið að því, sem sumir kalla komu heimskennara, en aðrir endurkomu Krists. Sumir halda jafnvel að þessi maður sé þegar kominn fram og sé Indverji, En mér virðist sú trú bera vott um djúpstæðan misskilning á allri mannkynssögunni. Trúa mín er sú, að ef mannkyninu verður bjargað, þá verði upptökin að því á Norðurlöndum, og fólgin í uppgötvunum, sem greiða götuna að skynsamlegri lífsskoðun, og auka svo yfirráðin yfir öflum náttúrunnar, að mennirnir geti í sannleika farið að hugsa um að láta sér fara fram.

Apríl '25.